

## Upplýsingar um LJÓ SABÚNAÐ VÖRU- OG HÓPBÍLA

### Almennt:

Í reglugerð um gerð og búnað ökutækja eru settar strangar reglur um ljósabúnað bifreiða. Nákvæmlega er skilgreint hvað sé skylt að hafa (áskilin ljósker) og hvaða má hafa (leyfð ljósker). Önnur ljósker eru bönnuð, hvort sem þau virka eða ekki.

Á upplýsingablaði BSK 2.518 er stiklað á stóru um ljósabúnaðinn og helstu atriða getið en á þessu blaði er sérstaklega fjallað um ljósabúnað framan á vöru- og hópbílum. Tekin eru dæmi um algengar bíltegundir hérlendis og talin upp þau ljós sem heimilt er að bæta við. Allar nánari upplýsingar fást í skoðunarstöðvum Frumherja hf. um land allt.

### Áskilin ljósker - grunnkrafa um ljós

Breiddarljós – 1 par

Háljós – 1 par

Lágljós – 1 par

Stöðuljós – 1 par

Stefnuljós – 1 par



### Leyfð ljósker - til viðbótar áskildum

**Aðgreiningarljós** – 3 stk  
- þrjú lítil ljósker í röð í miðju svo hátt sem þeim verður fyrirkomíð

**Auka breiddarljós** – 1 par  
- þetta aukapar er oft efst á kassa

**Ljóskastarar** – 1 par/stakt ljós  
- má vera tvígeisla, ekki er gerð krafa um sérstaka gerðarviðurkenningu ljóskastara

**Auka stöðuljós** – 1 par  
- má vera í hvaða breidd sem er

**Auka stefnuljós** – 1 par

**Auka háljós** –  
1 eða 2 pör/stök ljós  
- ef það eru tvö pör/stök ljós má bara annað þeirra loga í einu – á vera í hvaða hæð sem er

**Þokuljós** – 1 par

**Dagljós** – 1 par  
- má vera með sérstök dagljósker

*Eins og sjá má er þessi bíll búinn öllum áskildum ljósum, en einnig nokkrum leyfilegum. Einungis mætti bæta við einu ljóskastarapari/stöku ljósi af framlýsandi ljósum, ásamt aðgreiningarljósaþetti, auka breiddarljósaþari (sem bæði koma efst) og auka stöðuljósaþari.*

### Af upplýsingablaði BSK 2.518:

**Aðalljós (há):** Hvít eða gul. Staðsett framan á og ekki nær ystu brún en ljósker fyrir lágljós. Aukaljós skulu tengd með öðrum háljósum og má aðeins eitt aukaljósapar loga í einu (rofi sem skiptir á milli). Ljósker og perur skulu vera gerðarviðurkennd (e-, E- eða DOT-merkt).

**Þokuljós:** Hvít eða gul. Staðsett framan á, hæð að lágmarki 25 cm en ekki hærrí en lágljósker, og fjarlægð frá ystu brún mest 40 cm. Tengd í gegnum stöðuljós. Ljósker og perur skulu vera gerðarviðurkennd (e-, E- eða DOT-merkt).

**Ljóskastarar:** Hvítir eða gulir og lýsa fram á við. Geisli má vera tvískiptur. Tengdir í gegnum háljós (*þó í gegnum stöðuljós á breyttum torfærubílum*).

## BIFREIÐASKOÐUN



Hér má bæta við einu ljóskastarapari eða stöku ljóskeri af lýsandi ljósum. Einnig má bæta við aðgreiningarljósasetti, auka breiddarljósapari (sem bæði koma efst) og auka stöðuljósapari.



Hér má bæta við einu ljóskastarapari eða stöku ljóskeri og einu auka háljósapari eða stöku ljósi (gerðarviðurkenndu) af lýsandi ljósum. Einnig má bæta við aðgreiningarljósasetti, auka breiddarljósapari (sem bæði koma efst) og auka stöðuljósapari.



Hér má bæta við einu ljóskastarapari eða stöku ljósi og einu auka háljósapari eða stöku ljósi (gerðarviðurkenndu) af lýsandi ljósum. Einnig má bæta við aðgreiningarljósasetti, auka breiddarljósapari (sem bæði koma efst) og auka stöðuljósapari.



Hér má bæta við einu ljóskastarapari eða stöku ljósi og tveimur auka háljósapörum eða stöku ljósi (gerðarviðurkenndu) af lýsandi ljósum. Einnig má bæta við aðgreiningarljósasetti, auka breiddarljósapari (sem bæði koma efst) og auka stöðuljósapari.



Hér má bæta við einu ljóskastarapari eða stöku ljósi af lýsandi ljósum. Einnig má bæta við aðgreiningarljósasetti, auka breiddarljósapari (sem bæði koma efst) og auka stöðuljósapari.



Hér má bæta við einu ljóskastarapari eða stöku ljósi og einu auka háljósapari eða stöku ljósi (gerðarviðurkenndu) af lýsandi ljósum. Einnig má bæta við aðgreiningarljósasetti, auka breiddarljósapari (sem bæði koma efst) og auka stöðuljósapari.

**Hvar finn ég reglurnar?** Í reglugerð um gerð og búnað ökutækja.

<https://www.reglugerdir.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/srn/nr/3749>